

Símenntun

Ársreikningur 2022

Símenntun
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Kt. 540199-3539

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntun er sjálfseignarstofnun og eru markmið hennar meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntun á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Í lok ársins 2022 var stofnskrá stofnunarinnar uppfærð og hún staðfest af Sýslumanninum á Norðurlandi vestra. Nafninu var samhliða breytt úr Símenntunarmiðstöð Vesturlands í Símenntun (á Vesturlandi).

Símenntun er með þjónustusamning við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Árið 2022 var sérstakt að því leiti að miklar starfsmannabreytingar urðu hjá Stofnuninni. Þrír starfsmenn létu af störfum þar með talinn framkvæmdastjóri. Ráðinn var verkefnastjóri án staðsetningar í hálfstarf við markaðsmál o.fl., nýr náms- og starfsráðgjafi var ráðinn í október og nýr framkvæmdastjóri tók við 1. nóvember með tilfærslu úr starfi náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra. Síðustu mánuðir ársins voru verulega undirmannaðir en þrátt fyrir það tókst að ljúka viðamestu verkefnum s.s. námsleiðum og náms- og starfsráðgjöf. Starfsemin tók kipp eftir að heimsfaraldri lauk, og verkefni á borð við fræðslustjóri að láni, fyrirtækjafræðsla og önnur námskeið fóru í gang. Náms- og starfsráðgjöf og kennsla fyrir flóttafólk var stórt verkefni á árinu. Áskoranirnar eru margar og fjölmörg tækifæri framundan.

Tekjur voru umfram gjöld á rekstri Símenntunar á árinu 2022 að fjárhæð 4,3 millj. kr. og nemur eigið fé 22,7 millj. kr. í árslok 2022 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 8 starfsmenn í 4,28 ársverkum á árinu 2022 (2021: 6 starfsmenn í 4,10 ársverkum) og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 13,5 millj. kr. á árinu (2021: 12,6 millj. kr.).

Stjórn Símenntunar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 21. mars 2023.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunar („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 21. mars 2023.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|--------------------|---------------------|
| Rekstrartekjur: | | | |
| Styrkir | 8 | 98.074.080 | 89.374.397 |
| Tekjur vegna námskeiða | | 14.387.522 | 10.750.692 |
| Aðrar tekjur | 9 | 24.097.363 | 7.346.249 |
| | | <u>136.558.965</u> | <u>107.471.338</u> |
| Rekstrargjöld: | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 10 | 57.029.546 | 49.807.931 |
| Námskeiðskostnaður | 11 | 36.552.154 | 25.765.740 |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | 38.192.668 | 36.577.709 |
| Afskriftir | 3,13 | 77.095 | 25.977 |
| | | <u>131.851.463</u> | <u>112.177.357</u> |
| Afkoma (neikvæð) fyrir fjármagnsliði | | 4.707.502 | (4.706.019) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | | | |
| Fjármunatekjur | | 147.076 | 26.351 |
| Fjármagnsgjöld | (| 130.173) | (86.023) |
| Gangvirðisbreyting verðbréfa | (| 455.129) | 1.312.552 |
| | (| <u>438.226)</u> | <u>1.252.880</u> |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) ársins | 15 | <u>4.269.276</u> | <u>(3.453.139)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| Fastafjármunir: | | | |
| Áhöld og tæki..... | | 376.611 | 103.906 |
| Fastafjármunir alls | 3,13 | <u>376.611</u> | <u>103.906</u> |
| Veltufjármunir: | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 4,14 | 7.471.914 | 1.213.126 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 346.140 | 54.847 |
| Verðbréfaeign..... | 5 | 5.137.382 | 5.747.447 |
| Handbært fé..... | 6 | 24.733.321 | 31.255.454 |
| Veltufjármunir alls | | <u>37.688.757</u> | <u>38.270.874</u> |
| Eignir samtals | | <u>38.065.368</u> | <u>38.374.780</u> |
| Eigið fé: | | | |
| Bundið eigið fé: | | | |
| Stofnfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Frjálst eigið fé: | | | |
| Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá | | 21.740.856 | 17.471.580 |
| Eigið fé samtals | 15 | <u>22.740.856</u> | <u>18.471.580</u> |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 2.771.140 | 10.661.311 |
| Viðskiptaskuldir..... | | 4.723.106 | 5.029.118 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 7.830.266 | 4.212.771 |
| | | <u>15.324.512</u> | <u>19.903.200</u> |
| Skuldir samtals | | <u>15.324.512</u> | <u>19.903.200</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>38.065.368</u> | <u>38.374.780</u> |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Símenntunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími áhalda og tækja er 5 ár.

Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímakröfur í árslok 2022 eru færðar niður um 0,23 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

Verðbréfaeign

5. Símenntun hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð sem sérstakur liður, verðbréfaeign, meðal veltufjármuna. Á reikningsskiladegi eru verðbréfin færð í markaðsvirði.

Handbært fé

6. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og innistæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Áunnið orlof

7. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 4,4 millj. kr. í árslok 2022.

Sundurliðanir

| 8. Styrkir | 2022 | 2021 |
|---|-------------------|-------------------|
| Styrkur frá ríkissjóði | 35.200.000 | 34.600.000 |
| Styrkur vegna erlendra verkefna | 13.489.787 | 14.652.362 |
| Styrkur vegna Fjölmennt | 2.250.000 | 1.809.655 |
| Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar | 8.774.000 | 8.858.300 |
| Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA | 22.211.000 | 11.892.154 |
| Styrkur vegna raunfærnimats | 8.417.575 | 12.680.100 |
| Styrkur vegna þjónustu við flóttafólk á Bifröst | 3.246.892 | 0 |
| Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga | 1.800.000 | 1.800.000 |
| Styrkur vegna FS-NET | 273.706 | 254.826 |
| Umsýsla vegna fjarnema | 1.950.000 | 916.000 |
| Aðrir styrkir | 200.000 | 1.461.000 |
| Endurgreiddur akstur | 261.120 | 450.000 |
| | <u>98.074.080</u> | <u>89.374.397</u> |

Skýringar, frh.:

| | 2022 | 2021 |
|---|--------------|--------------|
| 9. Aðrar tekjur | | |
| Tekjur vegna sóknaráætlunar | 2.500.000 | 3.000.000 |
| Styrkur vegna nám er tækifæri | 12.581.723 | 3.100.164 |
| Fræðslustjóri að láni | 5.100.890 | 839.640 |
| Tekjur vegna þjónustu við fjarnema | 1.219.500 | 0 |
| Tekjur vegna námskeiðs tölvulæsi 60+ | 1.475.000 | 0 |
| Ýmsar tekjur | 1.220.250 | 406.445 |
| | 24.097.363 | 7.346.249 |
| 10. Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun | 45.160.478 | 39.955.529 |
| Stjórnarlaun | 963.842 | 642.944 |
| Áfallið orlof, breyting | 213.862 | 433.436 |
| Ökutækjastyrkur | 768.986 | 601.038 |
| Tryggingagjald | 3.437.013 | 2.844.242 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 6.011.107 | 5.461.840 |
| Önnur sjóðagjöld | 1.754.760 | 1.479.893 |
| Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun | (1.280.502) | (1.610.991) |
| | 57.029.546 | 49.807.931 |
| Ársverk | 4,28 | 4,10 |
| 11. Námskeiðskostnaður | | |
| Aðkeypt þjónusta | 33.394.476 | 23.733.395 |
| Húsaleiga og aðstöðukostnaður | 1.227.350 | 154.402 |
| Námsefni | 525.518 | 1.067.611 |
| Fjarfundakostnaður | 451.051 | 425.865 |
| Annar kostnaður | 953.759 | 384.467 |
| | 36.552.154 | 25.765.740 |
| 12. Annar rekstrarkostnaður | | |
| Greiðslur vegna innlendra og erlendra samstarfsverkefna | 10.326.707 | 12.380.402 |
| Tölvuþjónusta og hugbúnaður | 2.073.570 | 2.809.913 |
| Dagpeningar | 779.735 | 144.512 |
| Húsnæðiskostnaður | 6.017.112 | 7.488.683 |
| Áskriftir og félagsgjöld | 378.962 | 371.989 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 8.442.682 | 5.596.693 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda | 290.182 | 1.942.150 |
| Sími og pósthúðargjöld | 598.537 | 699.816 |
| Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar | 364.056 | 300.113 |
| Ferðakostnaður | 963.560 | 993.242 |
| Auglýsingar | 4.737.227 | 1.237.027 |
| Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða | 1.358.150 | 1.229.476 |
| Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar | 1.266.183 | 897.322 |
| Kaffistofa | 326.044 | 317.158 |
| Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting | (217.469) | (49.395) |
| Stofnframlög ársins | 230.000 | 0 |
| Annar kostnaður | 257.430 | 218.608 |
| | 38.192.668 | 36.577.709 |

Skýringar, frh.:

13. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Áhöld og tæki |
|------------------------------------|---------------|
| Heildarverð 1.1.2021 | 967.706 |
| Heildarverð 31.12.2021 | 967.706 |
| Viðbót á árinu | 349.800 |
| Heildarverð 31.12.2022 | 1.317.506 |
| | |
| Afskrifað samtals 1.1.2021 | 837.823 |
| Afskriftir ársins | 25.977 |
| Afskrifað samtals 31.12.2021 | 863.800 |
| Afskriftir ársins | 77.095 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 940.895 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2021 | 103.906 |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 376.611 |

Skammtímakröfur

| 14. Niðurfærsla skammtímakrafna | 2022 | 2021 |
|--|-------------|-------------|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 444.719 | 440.927 |
| Greiddar áður afskrifaðar kröfur/ endanlega tapaðar kröfur | 0 | 53.187 |
| Breyting á niðurfærslu á árinu | (217.469) | (49.395) |
| Niðurfærsla í árslok | 227.250 | 444.719 |

Eigið fé

15. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

| Bundið eigið fé: | 2022 | 2021 |
|--|-------------|--------------|
| Flutt frá fyrra ári | 1.000.000 | 1.000.000 |
| | 1.000.000 | 1.000.000 |
| | | |
| Frjálst eigið fé: | | |
| Flutt frá fyrra ári | 17.471.580 | 20.924.719 |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) ársins | 4.269.276 | (3.453.139) |
| | 21.740.856 | 17.471.580 |
| | | |
| Eigið fé 31.12 | 22.740.856 | 18.471.580 |

Skýringar, frh.:

16. Leigusamningar

Símenntun (SM) leigir kennslu- og skrifstofuhúsnæði og þá var einnig á leigu bifreið á árunum 2021 og 2022. Leigusamningar SM flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar vegna húsnæðisins eru ótímabundnir og eru þeir uppsegjanlegir með 3ja og 6 mánaða fyrirvara. Einnig var gerður nýr tímabundinn leigusamningur á árinu 2022 vegna húsnæðis að Smiðjuvöllum 28 sem verður afhent eigi síðar en 1. mars 2023 sem hefur gildistíma í 5 ár frá afhendingardegi. Sá samningur kemur í stað fyrri samnings vegna húsnæðis við Bárugötu. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Leigusamningur vegna bifreiðar er að jafnaði til 2ja ára í senn og er hann óverðtryggður.

Rekstrarleigugjöld námu 6.150,7 þús. kr. á árinu 2022 (2021: 6.823,6 þús. kr.). Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár.

| | 2022 |
|--------------------------------|------------------------|
| Leigugreiðslur árið 2023 | 9.248.540 |
| Leigugreiðslur árið 2024 | 9.248.540 |
| Leigugreiðslur árið 2025 | 9.248.540 |
| Leigugreiðslur árið 2026 | 9.248.540 |
| Leigugreiðslur árið 2027 | 9.248.540 |
| | <hr/> 46.242.700 <hr/> |

Undirritunarsíða

Ársreikningur Símenntunar
Guðrún Vala Elísdóttir

Ársreikningur Símenntunar
Björn Bjarki Þorsteinsson

Ársreikningur Símenntunar
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Ársreikningur Símenntunar
Anna Jóna Kristjánsdóttir

Ársreikningur Símenntunar
Silja Eyrún Steingrímisdóttir

Ársreikningur Símenntunar
Jóhanna María Sigmundsdóttir

Ársreikningur Símenntunar
Sigríður Helga Sveinsdóttir